

AUGLÝSING

um afgreiðslu skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Örvasalir 26. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 11. maí 2026 með vísan til 3. tfl. 3. gr. í viðauka IV um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024 breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts fyrir lóðina nr. 26 við Örvasali.

Í breytingunni felst að óútgrafið rými sem fyrir er undir húsinu er tekið í notkun sem hluti íbúðarrýmis. Byggingarmagn á lóðinni eykst um 49,2 m² og verður alls 270,3 m². Byggingarreitur helst óbreyttur. Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 1. júní 2026.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 15. júní 2026